

Efni: Frumvarp til laga um Þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldarmerkið (notkun fánans við markaðssetningu vöru og þjónustu), 685. mál

Vísað er til tölvubréfs frá nefndasviði Alþingis, dags. 6. maí 2015, þar sem óskað er eftir umsögn Bændasamtaka Íslands um ofangreint þingmál.

Bændasamtök Íslands hafa lengi barist fyrir því að lögleiddar verði heimildir fyrir því að nýta megi þjóðfánann við markaðssetningu vöru og þjónustu og fagna því að með frumvarpinu sér loks fyrir endann á því.

Málið hefur verið einfaldað frá fyrri útfærslum. Heimildir til notkunar fánans eru talsvert rýmri í frumvarpinu en þegar það var fyrst lagt fram. Um leið og það kann að verða til þess að þjóðfáninn verði nýttur meira til markaðssetningar þá vilja Bændasamtökin undirstrika þá afstöðu að Neytendastofa fylgi því fast eftir að þessar rýmri heimildir verði ekki misnotaðar.

Miklu skiptir að íslenski fáninn verði einungis nýttur til að kynna og markaðssetja vöru sem er raunverulega íslensk og verði aldrei notaður til að afvegaleiða neytendur á nokkurn hátt. Það er á ábyrgð Neytendastofu að sjá til þess að svo verði.

Að öðru leiti vísa samtökin til fyrri umsagna um málið.

Frumvarp á 143. löggjafarþingi: <http://althingi.is/altext/143/s/0013.html>

Umsögn BÍ: <http://althingi.is/pdf/erindi/?lthing=143&dbnr=148>

Frumvarp á 141. löggjafarþingi: <http://www.althingi.is/altext/141/s/0039.html>

Umsögn BÍ: <http://www.althingi.is/pdf/erindi/?lthing=141&dbnr=475>

Frumvarp á 139. löggjafarþingi: <http://www.althingi.is/altext/139/s/0869.html>

Umsögn BÍ: <http://www.althingi.is/pdf/erindi/?lthing=139&dbnr=1966>

Frumvarp á 138. löggjafarþingi: <http://www.althingi.is/altext/138/s/0921.html>

Umsögn BÍ: <http://www.althingi.is/pdf/erindi/?lthing=138&dbnr=2866>

Virðingarfyllst,
f.h. Bændasamtaka Íslands,
Elías Blöndal Guðjónsson